

Samningur

UM STYRK TIL ORKUSKIPTA

UOS2505251

Loftslags- og orkusjóður, kt. 500269-5029, Rangárvöllum, 603 Akureyri, í samningi þessum nefndur styrkveitandi, og Langesbyggð, kt. 4203691749, í samningi þessum nefndur styrkþegi, gera með sér svofelldan

Samning

Styrkuppðæð: 30.000.000 kr.

Forsvarsaðili verkefnis:
Gunnar Már Gunnarsson

Netfang
gunnar@ssne.is

Heiti verkefnis:

Nýting jarðhita til húshitunar í Langesbyggð

Verkþáttur:

Jarðhitaleit, boranir og rannsóknir

Inngangur

Verkefnið „Jarðhitaleit 2025“ er átaksverkefni stjórnvalda í samræmi við áherslur um orkuskipti og nýtingu endurnýjanlegrar orku og eru styrkirnir veittir á grundvelli laga nr. 1566/2024 um Loftslags- og orkusjóð. Styrkirnir voru auglýstir á hefðbundinn hátt, með vísan til reglugerðar nr. 1566/2024, um Loftslags- og orkusjóð.

1. gr. Framkvæmd

Framkvæmd verkefnisins skal vera í samræmi við þau markmið, áætlanir, upplýsingar og greinargerðir, sem tilgreindar voru í styrkumsókninni og fylgiskjöllum hennar. Sjái styrkþegi fram á að frávik verði frá þeim gögnum skal styrkþegi þegar tilkynna Loftslags- og orkusjóði og leita samþykkis fyrir slíkum breytingum á verkefninu fyrir fram.

2. gr. Fjármögnun

Með undirskrift samnings þessa staðfestir styrkþegi að heildarfjármögnun verkefnisins hafi gengið eftir eins og ráð var fyrir gert í umsókn. Frávik sem geta haft áhrif á framkvæmd verkefnisins, umfang og/eða áætlaða verkþætti, þarf að tilkynna Loftslags- og orkusjóði sérstaklega og þurfa þau að hljóta samþykki sjóðsins áður en vinna við verkefnið hefst, enda geta þau þar með haft áhrif á styrkuppðæð vegna verkefnisins.

3. gr. Greiðsla styrksins

Greiðsla fer fram í skrefum eftir stöðu verkefnis. Miðað er við að fyrsta greiðsla sé við upphaf framkvæmda og sé 30% af styrkuppðæð og aðrar greiðslur miðast við framvindu verks. Síðasta greiðsla, sem er 40% af styrkuppðæð, fer fram þegar verki er lokið og lokaskýrsla um framkvæmd þess er skilað. Þá þurfa afrit allra gagna að hafa borist Loftslags- og orkusjóði, yfirlit yfir kostnað og reikningar, borskýrslur, uppdættir, skýrslur, greinargerð o.þ.h. Styrkuppðæð getur aldrei orðið hærri en 50% af útlögðum kostnaði.

4. gr. Skyldur styrkþega

Styrkþega ber að rafrænt undirrita samning eigi síðar en mánuði eftir dagsetningu tilkynningar sjóðsins um styrkveitingu. Hafi undirritaður samningur ekki borist Loftslags- og orkusjóði innan tilgreinds frests er litið svo á að ekki verði af framkvæmd verkefnisins og fellur þá styrkveitingin niður án frekari tilkynningar af hálfu Loftslags- og orkusjóðs.

Styrkþega ber að fara að þeim forsendum sem settar voru fram í styrkumsókn og fylgigögnum hennar. Verði vikið frá þeim án skriflegs samþykkis Loftslags- og orkusjóðs, eru greiðslur styrksins stöðvaðar. Þetta á við um allar áætlanir um verkefnið og framkvæmd þess, tímasetningar, fjármögnun og annað er máli skiptir og haft getur áhrif á áætluð markmið verkefnisins og niðurstöður. Ósamþykkt frávik af hálfu styrkþega geta þannig leitt til þess að styrkveiting falli niður og að krafa verði gerð um endurgreiðslu.

Styrkþega ber að fara eftir framlögðum áætlunum, með mögulegum síðari breytingum. Komi í ljós við yfirferð Loftslags- og orkusjóðs á greinargerð um verklok ásamt endanlegu kostnaðaruppgjöri að ekki hefur verið unnið eftir framlögðum áætlunum og/eða samþykktum breytingum á þeim við vinnslu verkefnisins getur það leitt til niðurfellingar styrksins að hluta til eða öllu leyti og endurgreiðslukröfu á hendur styrkþega.

5. gr. Eftirlit með verkefninu

Loftslags- og orkusjóður getur óskað nauðsynlegra gagna á gildistíma samningsins til þess að ganga úr skugga um að farið sé eftir reglum þeim er fyrir styrkveitingunni voru settar svo og á grundvelli samnings þessa.

6. gr. Meðferð ágreinings

Komi upp ágreiningsefni um framkvæmd samnings þessa skulu aðilar leitast við að jafna hann án aðkomu dómstóla en ef ljóst þykir að ágreiningsefnið verði ekki leitt til lykta er heimilt að bera samninginn undir héraðsdóm Norðurlands eystra.

7. gr. Gildistími

Samningurinn gildir frá undirritunardegi.

Lokadagsetning samnings er 31. desember 2028.

Akureyri, 6. október 2025

F.h. Loftslags- og Orkusjóðs

F.h. Langanesbyggðar

Rafræn undirskrift hér að neðan

Rafræn undirskrift hér að neðan